

Dagsetning 27. janúar 2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um láglandisvegi, 15. mál, öryggi og stytting leiða.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun hefur áður sent umsögn um svipaða tillögu, en sú tillaga náði ekki fram að ganga. Stofnunin telur afar brýnt að unnið verði hratt og skipulega að því að leysa samgönguvanda ýmissa byggðarlaga með því að gera jarðgöng þar sem það er raunhæfur kostur í samgöngumálum. Reynsla af þeim göngum sem þegar hafa verið gerð bendir eindregið til þess að jarðgangagerð sé heppileg lausn í mörgum tilvikum hérlandis. Þverun fjarða á nokkrum stöðum á landinu getur einnig stýtt leiðir milli byggðarlaga verulega. Stofnunin telur að tillagan feli í sér ágæta leið til að vinna að þessum málum.

Virðingarfyllt



Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði
Bygðastofnunar.